

# REGLUR UM FÉLAGSLEGA HEIMAÞJÓNUSTU Í HÚNAÞINGI VESTRA

## 1. gr.

Markmið félagslegrar heimaþjónustu er að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsum við sem eðlilegastar aðstæður.

## 2. gr.

Með félagslegri heimaþjónustu er átt við hvers konar heimilishald, persónulega umhirðu, félagslegan stuðning og umönnun barna og unglinga.

## 3. gr.

Fötludum skal gefinn kostur á liðveislu eftir föngum sbr. lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992. Með liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs.

## 4. gr.

Skilyrði til þess að geta fengið félagslega heimaþjónustu er að viðkomandi búi í heimahúsi og geti ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertra getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar eða fötlunar.

## 5. gr.

Áður en heimaþjónusta er veitt, skal aðstoðarþörfin metin í hverju einstöku tilviki. Félagsmálastjóri sér um að meta þörfina fyrir þjónustu og ákveða hvers konar þjónusta er nauðsynleg og hversu mikil hún skuli vera (vikulegar vinnustundir). Ef um heilsufarsástæður er að ræða skal hafa samráð við heilsugæslustöð. Leitast skal við að veita þjónustu sem viðkomandi eða aðrir heimilismenn geta ekki annast sjálfir.

Heimilt er að óska eftir læknisvottorði.

## 6. gr.

Heimaþjónusta skal að jafnaði veitt á dagvinnutíma frá mánudegi til föstudags. Þjónusta utan þess tíma (sbr. t.d. 13.gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra) skal einungis veitt ef fyrir liggur samþykki félagsmálaráðs að undangengnu mati á aðstoðarþörf sbr. 5.gr.

#### **7. gr.**

Við framkvæmd félagslegrar heimaþjónustu skal haft sem nánast samstarf við aðra þá aðila sem veita viðkomandi aðstoðarþegum þjónustu, t.d. starfsfólk á heilsugæslustöðvum og SFNV (Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlanskjördæmi vestra).

#### **8. gr.**

Sótt er um félagslega heimaþjónustu (á þar til gerð umsóknareyðublöð) til félagsmálastjóra.

Greiðslugeta umsækjanda og maka hans er lögð til grundvallar þjónustugjaldi og er heimilt að krefja umsækjanda um gögn varðandi fjárhag hans.

#### **9. gr.**

Úrvinnsla umsókna, öflun gagna og upplýsinga varðandi þjónustuþörf og greiðslugetu skal unnin í samvinnu og samráði við umsækjanda eftir því sem unnt er sbr. XVI kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

#### **10. gr.**

Starfsmaður í heimaþjónustu skal gæta þess í störfum sínum inni á heimili að unnið sé í samráði og samvinnu við þann sem þjónustunnar nýtur og hvetja hann og styðja til sjálfsbjargar.

#### **11. gr.**

Starfsmönnum í heimaþjónustu er óheimilt að ræða persónulega hagi, heimilishald eða einkamál aðstoðarþega við óviðkomandi aðila.

#### **12. gr.**

Fyrir félagslega heimaþjónustu samkv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 skal greitt samkvæmt gjaldskrá er Sveitarstjórn Húnaþings vestra setur að fengnum tillögum frá félagsmálaráði.

#### **13. gr.**

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálaráðs til úrskurðanefndar félagsþjónustu.

#### **14. gr.**

Reglur þessar sem samþykktar voru á fundi Sveitarstjórnar Húnaþings vestra þann 13. desember 2001 að fengnum tillögum félagsmálaráðs öðlast þegar gildi.